

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Deiliskipulag Skarðshlíðar, 3. áfanga. Tinnuskarð 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi á fundi sínum 23. desember 2020 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga.

Í breytingunni felst að byggingarreitur Tinnuskarðs 3 er stækkaður um 1 m til norðvesturs. Bílastæðum fjölgar úr 2 í 3 innan lóðar. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Deiliskipulag Hraun-vestur, Gjótur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. október 2020 deiliskipulag fyrir Hraun-vestur, Gjótur.

Í deiliskipulaginu felst að heimiluð verði uppbygging á reit sem afmarkast af Reykjavíkurvegi 60-62 og Hjallahrauni 2, 4 og 4a. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðahúsnaðis auk atvinnu- og þjónustuhúsnaðis á reitnum í samræmi við deiliskipulagið.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Hafnarfirði, 28. desember 2020.

Bormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. janúar 2021